

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Hákonarson, er sýkn af ákærunni í máli þessu. Sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns G. Briem hdl., kr. 2.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 24/1984. **Hjördís Jónsdóttir**
Inga Jónsdóttir og
Ásgeir H. Björgvinsson
 gegn
Tryggva Stefánssyni og
Þrotabúi Vals Magnússonar

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 25. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 3. febrúar s.á., kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur í máli þessu, er kveðinn var upp 12. janúar sl. Krefjast þeir þess, „að úrskurðinum verði hrundið og fallist verði í stað þess á kröfu okkar um ógildingu og/eða riftun kaupsamnings dags. 16. marz 1982 milli okkar og Vals Magnússonar um fasteignina Miðbraut 32, Seltjarnarnesi f.h. þrotabús Vals Magnússonar með því að greiðsla pr. 16. marz 1982 kr. 100.000.- greidd við undirritun kaupsamnings komi til frádráttar endanlegri kröfu okkar í þrotabúið og fallist á kröfu okkar um að fasteigninni Miðbraut 32, Seltjarnarnesi verði haldið utan við skipti á þrotabúinu. Riftun miðist við 9. júlí 1982, en til vara við 28. júní 1983.“ Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðiljans Tryggva Stefánssonar er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara er krafist stað-

festingu hins kærða úrskurðar. Þá er krafist í báðum tilvikum kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja þrotabús Vals Magnússonar hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 heimila eigi kærú máls þessa til Hæstaréttar, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærú málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Kærú máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærú málskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1984.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Afstaða skiptaráðanda til krafna sóknaraðilja í þrotabúi Vals Magnússonar, eins og hún er tilgreind á skrá yfir lýstar kröfur í búið, skal óbreytt standa.

Málskostnaður fellur niður.